



Október  
2020



# Ljósmyndun

## Sveinspróf



**IDAN**  
fræðslusetur

SVEINSPRÓFSNEFND Í LJÓSMYNDUN

Guðmundur Viðarsson ✦ Arnaldur Halldórsson ✦ Sigurður Ólafur Sigurðsson ✦ Silja Rut Thorlacius

## SÝNISMAPPA / PORTFÓLÍÓ

Skilamappan gildir 25% af lokaeinkunn.

Skila skal sýnismöppu um leið og próftaki mætir í skriflegt próf sem er undanfari verklega prófsins. Hann skal leggja fram möppu með 12 atriðum, þ.á m. iðnaðar- og atvinnulífsseríu (minnst fimm myndir). Mannlífsmynd, portrettmynd, landslagsmynd og mynd af mannamóti auk sjö annarra atriða að eigin vali sem gefa próftakanum tækifæri til að sýna áhugasvið sitt og áherslur. Frágangur, útlit og útfærsla á möppu skiptir máli.

Gengið er út frá því að verkin séu söluhæf og uppfylli fagleg vinnubrögð og viðurkenndar aðferðir.

Eftirfarandi 12 atriði þurfa að vera til staðar í sýnismöppu.

- **Iðnaðar- og atvinnulífsseríu** (minnst 5 myndir).
- **Mannlífsmynd**
- **Portrettmynd**
- **Landslagsmynd**
- **Mynd af mannamóti**
  
- **Að auki sjö önnur atriði að eigin vali**

Próftaki fær hér tækifæri til að sýna áhugasvið sitt og áherslur.

Portfolio atriði 1:	<input type="text"/>
Portfolio atriði 2:	<input type="text"/>
Portfolio atriði 3:	<input type="text"/>
Portfolio atriði 4:	<input type="text"/>
Portfolio atriði 5:	<input type="text"/>
Portfolio atriði 6:	<input type="text"/>
Portfolio atriði 7:	<input type="text"/>

- Frágangur, útlit og útfærsla á möppu skiptir máli.
- Skila skal möppu um leið og próftaki mætir í skriflegt próf sem er undanfari verklega prófsins.

Prófpáttur	Nánari lýsing	Skilaform
1. Portrett af barni undir fimm ára aldri Ekki eigin barni eða ættingja.	Stúdíómyndataka andlitsmynd, hálfmynd og heilmynd. Myndirnar þurfa að sýna hárrétt augnablik, lýsing á andlitinu og líkama þarf að vera góð. Bakgrunnur á að vera dökkur og góð aðgreining þarf að vera milli barns og bakgrunns.	Stafræn myndataka Skil: Prentuð andlitsmynd í svart hvítu, stærð 25x35 cm með 30x40 cm útskornu yfirkartoni. Stafræn heil og hálfmynd.
2. Tískupáttur	Mynda karlmann eða konu í stúdíó eða á vettvangi. Áhersla lögð á stílbragð og að litir fata, snið og áferð sjáist vel. Verður jafnframt að vera góð mynd af módelinu.	Stafræn myndataka Skila skal tveimur litmyndum. Heil og hálf mynd.
3. Hópmyndataka – heilmynd	Stúdíómyndataka af minnst fimm manns. Frjálst val á bakgrunni. Skal myndast a.m.k í tvennu lagi þ.e. annarsvegar hópur og hinsvegar að minnsta kosti einn einstaklingur sér á parti sem síðar skal setja inná hópmyndina í stafrænni eftirvinnslu. Persónur á myndinni þurfa að skarast. Myndin þarf að vera trúverðug, hlutföll rétt, lýsing, svipbrigði og myndbygging.	Stafræn myndataka og eftirvinnsla. Skila skal einni litmynd.
4. Eftirtaka af gamalli ljósmynd	Eftirtaka og lagfæring á gamalli ljósmynd í ramma og undir gleri. Sveinsprófsnefnd útvegar myndina. Skemmdir lagfærðar (retúseraðar) og myndin brúntónuð.	Stafræn myndataka Brúntónuð mynd
5. Ljóstónataka (Hvitt á hvítu)	Stúdíómyndataka af hvítum og glærum hlutum á hvítum grunni. Sveinsprófsnefnd útvegar hlutina. Áhersla lögð á að ná fram formi, lögun og áferð hluta. Framkvæma skal myndatökuna með myndavél beintengda í tölvu (Thethered Capture). Próftaki skal sjá um að útvega nauðsynlegan tækniþúnað. Tímamörk eru á myndatökunni eða 2,5 klst, og tímataka hefst þegar próftaki mætir á prófstað og lýkur þegar hann yfirgefur prófstað.	Stafræn myndataka Skila litmynd
6. Dökkónataka (Svart á svörtu)	Stúdíómyndataka af svörtum hlut á svörtum grunni. Sveinsprófsnefnd útvegar hlutina. Áhersla lögð á að ná fram formi, lögun og áferð hluta. Framkvæma skal myndatökuna með myndavél beintengda í tölvu (Thethered Capture). Próftaki skal sjá um að útvega nauðsynlegan tækniþúnað. Tímamörk eru á myndatökunni eða 2,5 klst, og tímataka hefst þegar próftaki mætir á prófstað og lýkur þegar hann yfirgefur prófstað.	Stafræn myndataka Skila litmynd
7. Uppstillimyndataka (still life) af nytjahlutum, skartgrip,	Próftaki velur hluti til að mynda. Áhersla á hugmyndavinnu, stílbragð, stemningu og lýsingu.	Stafræn myndataka. Litmynd

<p><b>8.</b> Arkitektúr myndataka utanhúss og innanhúss</p>	<p>Dómnefnd velur byggingu sem skal ljósmynda. Skila skal tveimur myndum af byggingunni innan og utan með mismunandi sjónarhorni: Önnur myndin skal sýna einkenni byggingarinnar. Hin myndin skal sýna bygginguna í heild sinni og umhverfi. Áhersla er lögð á rétta fjarvídd og að hönnun byggingarinnar skili sér.</p> <p>Skila skal tveimur sjónarhornum innan úr sömu byggingu. Áhersla er lögð á að próftaki kunni skil á mismunandi ljósgjöfum og geti leiðrétt liti miðað við ljósgjafa og hann haldi réttri fjarvídd.</p>	<p>Stafræn myndataka. Litmyndir. Tvenn sjónarhorn utanhúss. Tvenn sjónarhorn innanhúss.</p>
<p><b>9.</b> Umhverfisportrett</p>	<p>Próftaki velur sér viðfangsefni. Áhersla lögð á að tengja manneskju og umhverfi, með stílbragði, lýsingu, myndbyggingu.</p>	<p>Stafræn myndataka. Litmynd eða svarthvít mynd.</p>
<p><b>10.</b> Fréttamynd</p>	<p>Próftaki velur sér viðfangsefni, t.d. daglegt líf, íþróttir eða viðburð. Myndin þarf að segja stutta sögu, lýsa ástandi, umhverfi og ákveðnu augnabliki. Myndin má ekki að vera uppstillt.</p>	<p>Stafræn myndataka Litmynd eða svarthvít mynd.</p>
	<p>Lokaskil á öllum verkefnum er mánudaginn eftir sveinsprófsvikuna kl. 10 á skrifstofu Iðunnar í Vatnagörðum.</p> <p>Portfoliomappa ásamt prentaðri portrett mynd og öll stafræn eintök prófverkefna.</p> <p>Skilaform á stafrænum myndum er frjálst td. á USB lykli eða á stafrænan máta aðgengilegt Sveinsprófsnefnd til skoðunar kl. 10 að morgni mánudags eftir sveinspróf.</p> <p>Skil eftir ofangreindan tíma leiða til þess að þreyta þarf sveinsprófið aftur að ári liðnu.</p>	